



Akraneskaupstaður,
b.t. Regínu Ásvaldsdóttur bæjarstjóra,
Stíllholti 16-18,
300 Akranesi.

Samantekt lögreglustjóra

vegna framkominnar beiðni frá Akraneskaupstað um upplýsingar um fjölda stöðugilda, skipulag vakta og fjölda lögreglumála á þriggja ára tímabili eða frá 1. júlí 2013 til 1. júlí 2016 hjá lögreglunni á Akranesi.

Borgarnesi, 18.08.2016.
Tilvisun: 201608-0026.
Síða: 1/4.

Lögreglan á Vesturlandi

Bjarnarbraut 2
310 Borgarnesi
Kt.: 441114 0360

Sími: 444 0300
vesturland@logreglan.is

www.logreglan.is

Á tímabilinu frá júlí 2013 til ársloka 2015 voru þrír lögreglumenn á almennri vakt á hverjum tíma á lögreglustöðinni á Akranesi. Einn mætti til vinnu kl. 7 og stóð vakt til kl. 19. Einn mætti til vinnu kl. 16 og stóð vakt til kl. 4. Einn mætti á vakt kl. 19 og stóð vakt til kl. 7. Vaktirnar voru tvær A og B og lögreglumenn sex. Hvernig stöðin var mönnuð að öðru leyti á þessu tímabili er vísað til töflu á bls. 2.

Við stofnun embættis lögreglustjórans á Vesturlandi 1. janúar 2015 var löggæsla á suðursvæði umdæmis eflað frá því sem verið hafði með fjölgun lögreglumanna og var lögreglumönnum í almennri deild á Akranesi fjölgað úr sex í átta. Þessir átta lögreglumenn skiptast niður á fjórar vaktir. Tveir eru saman frá kl. 7-19 og tveir saman frá kl. 19-7. Yfirstjórn lögreglunnar á Vesturlandi er sammála um að það skipulag sem tekið var upp 1. janúar 2016 á Akranesi og í Borgarnesi snúist um lágmarksmönnun lögreglu á suðursvæði umdæmisins. Hins vegar þyrfti að fjölga lögreglumönnum úr átta í tíu í almennri deild á Akranesi með það í huga að einn lögreglumaður gæti sinnt lögreglustöð á opnunartíma hennar á virkum dögum jafnframt því að vera reiðubúinn til að sinna útköllum.

Í reiknilíkani innanríkisráðuneytis vegna löggæsluáætlunar 2016 til 2028 er gert ráð fyrir því að lögreglumaður án búnaðar kosti lögregluembætti 12 millj. kr. á ári. Er sú tala varlega áætluð. Vegna upplýsingaöflunar vegna aðgerðaáætlunar í tengslum við framangreinda löggæsluáætlun hefur lögreglustjórinn á Vesturlandi lagt fram tillögu um að lögreglumönnum verði fjölgað um fjóra á suðursvæði umdæmis til viðbótar þeim sextán sem lagt var upp með í byrjun árs 2016.

Raunveruleikinn er hins vegar annar en áætlanir okkar um rekstrarkostnað hafa ekki fyllilega gengið eftir og var embættið rekið með halla innan ársins 2015 og uppsafnaður rekstrarhalli 31. desember 2015 var 33,3 millj. kr. Meðal ástæðna fyrir hallarekstri árið 2015 voru fjarvistir lögreglumanna en okkur reiknast til að tvo lögreglumenn hafi vantað í liðið allt síðasta ár vegna veikinda- og slysaforfalla en manna þurfti vaktir þeirra sem voru forfallaðir. Embættið hefur ekki aðgang að neinum varasjóðum í tilvikum sem þessum.

Í dag starfa þrettán lögreglumenn á Akranesi og fimmtán lögreglumenn eiga þar fasta búsetu eða um 47% lögreglumanna hjá lögreglustjóranum á Vesturlandi.



Neðangreind tafla sýnir fjölda lögreglumanna við störf á Akranesi á átta ára tímabili eða frá 31. desember 2009 til og með 18. ágúst 2016.

Borgarnesi, 18.08.2016.
Tilvísun: 201608-0026.
Síða: 2/4.

Stöðuheiti (stöðugildi)	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Yfirlögregluþjónn	1	1	1	1	1	1	1	1
Lögreglumenn - vaktavinna	8	8	6	6	6	6	8	8
Lögreglufulltrúi	1	1	1	1	1	1	1	1
Rannsóknarlögreglumenn	0	0	1	1	1	2	2	2
Lögreglumaður - dagmaður	0	0	0	0	0	1	1	1
Samtals	9	9	9	9	9	11	13	13

Frá 15. júní 2016 hefur ekki verið sólarhringsvakt á Akranesi og hafa lögreglumenn verið á bakvakt á tímabilinu frá kl. 3 eftir miðnætti til kl. 9 en standa vaktir frá 9 til 19 og 15 til 3.

Lögreglumenn verða á sólarhringsvakt frá 19. ágúst til og með 31. ágúst nk.

Hinn 1. september 2016 verður tekið upp nýtt vaktkerfi fyrir Akranes og Borgarnes. Tólf lögreglumenn verða á tveimur vöktum en Akranes og Borgarnes verða áfram eitt og sama vaktsvæðið. Sex menn verða á hvorri vakt, A og B, sem er útkalls- og neyðarvakt á suðursvæði lögreglunnar á Vesturlandi. Unnið verður frá kl. sjö á morgnana til kl. fjögur eftir miðnætti. Bakvakt tekur við frá kl. fjögur eftir miðnætti og stendur til kl. sjö þegar fyrri vakt dagsins kemur til starfa. Um helgar má gera ráð fyrir sérstakri styrkingu næturvakta.

Unnið verður á tveimur tólf tíma vöktum (7-19 og 16-4). Tveir lögreglumenn mæta til vinnu kl. 7 og fjórir kl. 16 en tólf lögreglumenn ganga þessar vaktir.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru íbúar 6697 á Akranesi 1. desember 2013 en talan var komin í 6.897 íbúa 1. desember 2015. Íbúar voru 6908 1. janúar 2016. Á þeim tíma voru 13 lögreglumenn starfandi á Akranesi eða einn lögreglumaður fyrir hverja 531 íbúa.

Eins og lögreglustjóri lýsti á fundi bæjarráðs með lögreglustjóra þann 28. júlí sl. þarf embættið að vinna niður uppsafnaðan rekstrarhalla sem stendur í dag í ca. 20 millj. kr. Fjárheimildir þessa árs eru 540 millj. kr.

Miðað við þær forsendur sem við gefum okkur munum við endurmeta stöðuna um mitt ár 2017 eða fyrr eftir atvikum.



Borgarnesi, 18.08.2016.
Tilvisun: 201608-0026.
Síða: 3/4.

Breytingar stöðugilda frá 1. janúar 2016:

Aðalvarðstjóri - Búðardal	Hætti 1. janúar 2016	Maður ráðinn (lögglumaður)
Varðstjóri – lögreglustöð í Borgarnesi	Hætti 1. apríl 2016	Ekki verið skipað í stöðu
Lögglumaður – lögreglustöð í Borgarnesi	Hætti að eigin ósk 1. ágúst 2016	Ekki verið skipað í stöðu
Lögglumaður – lögreglustöð á Akranesi	Hættir 31. nóvember 2016 (dagmaður)	Ekki verður skipað í stöðu
Yfirlöggluþjónn – lögreglustöð í Borgarnesi	Hættir 31. mars 2017	Staða verður lögð niður
Lögglumaður – lögreglustöð í Borgarnesi	Óvissa (sótt um annað starf)	Ekki verður skipað í stöðu
Lögglumaður – lögreglustöð í Borgarnesi	Óvissa (sótt um annað starf)	Ekki verður skipað í stöðu
Lögglumaður – lögreglustöð í Borgarnesi	Óvissa (sótt um annað starf)	Ekki verður skipað í stöðu

Ef framangreindar breytingar ganga eftir mun staðan verða þessi um næstu áramót á Akranesi:

Stöðuheiti (stöðugildi)	31.12. 2016
Yfirlöggluþjónn	1
Lögglumenn - vaktavinnmenn	6
Lögglufulltrúi	1
Rannsóknarlögglumenn	2
Samtals	10

Þrátt fyrir erfiðan fjárhag hefur lögreglu tekist ágætlega að vinna úr sínum verkefnum og málastaða er viðunandi og þau mál sem eru til rannsóknar hjá lögreglu eru öll frá þessu ári.

Vakin er athygli á öflugri rannsóknardeild á Akranesi sem er staðsett þar sem flestir búa innan umdæmis og verður til frambúðar á Akranesi.

Hegningarlagabrot á Akranesi voru 163 árið 2013 eða 50% af heildarfjölda þessara brota á Vesturlandi. 2014 voru brotin 141 eða 51,25% af heildarfjölda. 2015 voru brotin 90 eða 39,47% af heildarfjölda þessara brota.

Umferðarbrott voru 227 árið 2013 á Akranesi eða 25,36% af heildarfjölda þessara brota. 2014 voru brotin 217 eða 20% af heildarfjölda og árið 2015 voru brotin 322 eða 15,7% af heildarfjölda þessara brota í umdæmi lögreglu.

Í 21% tilfella mála sem voru til ákærumeðferðar hjá embættinu í fyrra var brotavettvangur á Akranesi.



Markmið lögreglunnar á Vesturlandi fyrir lögreglustöðina á Akranesi og Akraneskaupstað er að á Akranesi starfi að staðaldri 14 lögreglumenn. Óvíst er hvenær það markmið næst.

Borgarnesi, 18.08.2016.
Tilvísun: 201608-0026.
Síða: 4/4.

Stöðuheiti (stöðugildi)	Markmið
Yfirlögregluþjónn	1
Lögreglumenn - vaktavinnumenn	10
Lögreglufulltrúi	1
Rannsóknarlögreglumenn	2
Samtals	14

Lögreglustjóri þakkar bæjaryfirvöldum á Akranesi fyrir þann áhuga sem þau sýna löggæslumálum í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi.

Virðingarfyllst,

